

Stjórnarfundur Textílmíðstöðvar Íslands og Textíllistamiðstöðvar  
Haldinn föstudaginn 25. janúar 2019.

Á Blönduós eru mætt Elsa Arnardóttir, Karl Friðriksson, Unnur Valborg Hilmarsdóttir og Helga Sigurbjörnsdóttir. Í símanum eru Hulda Brynjólfsdóttir og Katrín María Káradóttir.

Eftir smá tæknivesen setti Karl fund kl. 9:30 og Hulda ritaði fundargerð.  
Farið yfir dagskrána og ákveðið hvernig fundi skyldi hagað.

**Dagskrá stjórnarfundar Textílmíðstöðvar Íslands og Textíllistamiðstöðvar föstudaginn 25. Janúar 2019 klukkan 9:00.**

Útsend dagskrá fyrir fundinn;

**1. Stefnumótun – Textílmíðstöð Íslands**

**Framtíðarsýn** (mótun ákveðnar sýnar fyrir miðstöðina fyrir næstu ár)

**Áherslusvið** (þrjú áherslusvið sem hafa síðan stoðþjónustu (áherslur) svo sem markaðsmál o.fl.)

**Rannsóknir og nýsköpun**                      **Stefna-markmið-verkefni**

**Arfleiðin og menntun**                      **Stefna-markmið-verkefni**

**Textílbúðir**                                      **Stefna -markmið-verkefni**

**2. Ferðir og fundir**

Kostnaður

Skipulag

**3. Styrkumsóknir**

**4. Þrjónagleði-Iceland Knit Fest**

**5. Listamiðstöðin-staðan**

**6. Fjármál-staðan**

**7. Önnur mál**

Eftir stuttan formála var ákveðið að fara yfir hvern lið fyrir sig á glærunum og skrifaði fundarritari inn í þær.

Stefnumótun – Textílmíðstöð Íslands

**Framtíðarsýn** (mótun ákveðnar sýnar fyrir miðstöðina fyrir næstu ár)

**Áherslusvið** (þrjú áherslusvið sem hafa síðan stoðþjónustu (áherslur) svo sem markaðsmál o.fl.)

**Rannsóknir og nýsköpun**                      **Stefna-markmið-verkefni**

**Arfleifð og menntun**                      **Stefna-markmið-verkefni**

**Textílbúðir**                                      **Stefna -markmið-verkefni**

Framtíðarsýn

- Vera alþjóðleg miðstöð öflugrar rannsóknar- og þróunarstarfssemi í textílframleiðslu, textíllistum og handverki í textíl.
- Gera miðstöðina enn öflugri í því sem hún er að gera.  
Koma efni sem til er í stafrænt form.  
Halda áfram með það sem hefur verið gert.  
- ekki stökkva frá því sem verið er að gera.
- Það er námsver í Kvennaskólanum sem Textílmíðstöðin sér um og þar er boðið upp á aðstöðu fyrir háskólanám og fullorðinsfræðslu með aðgengi að fjarfundabúnaði og próftöku í samstarfi við aðila háskóla, framhaldsskóla og símenntunarstöðva.

- Miðla þekkingu til almennings, háskólanema og sérfræðinga með ráðstefnum, námskeiðum og útgáfu fræðslu- og rannsóknarrita.
- Kynna starfsemi Textílmíðstöðvar Íslands, þekkingarseturs á Blönduósi og afla fjármagns og samstarfsaðila innanlands og utan.
- Vinna að samstarfsverkefnum við atvinnuuppbyggingu, samfélagsþróun og þróun í ferðaþjónustu í tengslum við textíl, menningu og sögu svæðissins, umhverfisvernd og sjálfbærni.

#### Rannsóknir og nýsköpun

- **Stefna:** Textílmíðstöðin og Textíllistamiðstöðin sé leiðandi á heimsvísu í rannsóknum og nýsköpun á íslenskum textíl. Með áherslu á innlent hráefni, endurvinnslu og umhverfisvernd.  
Nærumhverfi, þverfaglegt samstarf,
- **Markmið:** Að vera með eitt eða fleiri rannsóknarverkefni eða þróunarverkefni í gangi árlega  
Eitt verkefni er í gangi. - Bæta við 4-5 rannsóknarverkefnum til næstu 5 ára.  
Vinna að einu burðarmiklu rannsóknarverkefni.  
Samstarf við önnur fyrirtæki eða stofnanir.  
Nýta styrkveitingar. (á alþjóðavísu)
- **Verkefni:** Búið að bjóða okkur að taka þátt í einni umsókn sem væri gott að nokkuð margir aðilar komi að. Tengt Evrópu. Ásókn í sjóðinn og þarf að vinna umsóknina vel. Sækja um aðild að sjóðnum.  
Fá fagaðila til að sækja um,- gæti hjálpað.  
Kortleggja sjóði sem við gætum sótt í.

#### Arfleifðin og menntun

- **Stefna:** Koma gömlum hefðum og sögunni í aðgengilegt skrásett form. Skoða hvað er til og hverju er hægt að bæta við.  
Þjóðminjasafn og fleiri slíkar stofnanir.
- **Markmið:** Að Textílmíðstöðin tengist þeim stofnunum sem eru með söguna. T.d. Þjóðminjasafninu, Heimilisiðnaðarfélagið,  
Að eiga gott og hnitmiðað samstarf við alla hlutaðeigandi aðila.  
Gera söguna lifandi – sýningarhald, ferðaþjónustan tengd.  
Að sýningar séu opnari – þrjónagöngur virka vel. Má víkka út.  
Að efla handverkskennslu í grunnskólum landsins. Fræða handmenntakennara.  
Setja upp miðstöð (miðstöðvar) í öðrum landshlutum til að miðla og fræða. Pop-up og fleira. (vantar íslenskt orð fyrir pop-up)
- **Verkefni:** Auka þekkingu á hvernig varðveita skal textíl.  
Sækjast eftir að vera viðurkenndur fullorðins fræðsluaðili.  
Veita handverksfólki og listamönnum þjónustu.

#### Textílbúðir

**Stefna:** Að bjóða handverksfólki og listamönnum upp á framúr-skarandi aðstöðu til að koma og fræðast og vinna að sínum hugðarefnum tengt textíl.  
Að Blönduós sé vagga textíliðnaðar á Íslandi í samstarfi við aðra landshluta.

**Markmið:** Að gæta þess að staðurinn sé eftirsóknarverður fyrir textílfólk.  
Leggja áherslu á menningararfleifðina.  
Miðlunarvettvangur  
Að koma okkur á framfæri á sem flestum stöðum svo fólk sækir til okkar að fræðast og miðla.

Bæta aðstöðuna enn frekar til að sinna ólíkum textíilverkefnum – tæki og tól.

**Verkefni:** Gistirými er ekki nógu stórt. Núningur ef hóparnir vinna ekki vel saman.

Húnaveilir er möguleiki fyrir fleiri viðburði. (eða stærri) ca 15 mín frá Blönduósi.

Farandsýning (á 5 ára fresti)

Horfa til stærri staða til að ná til sem flestra.

Hleypa heimdraganum.

Að gera myndbönd um staðinn og hafa á heimasíðunni.

Segja sögur staðarins og finna falleg eftirsóknarverð náttúruundur.

☺ Blönduvirkjun möguleiki að dvelja í gestahúsnæði á veturna.

## Ferðir og fundir

### **Kostnaður**

Ekki svigrúm til að borga umbun fyrir að vera í stjórn.

Borga ferðakostnað að einhverju leyti.

Gera tæknifund aðgengilegri.

Ákveðna upphæð en ekki vegalengdir.

Hafa fundina lengri og vel skipulagða. Nýta tímann vel.

Fæði í 10 tíma 11.300,- = dagpeningar. Bókað.

### **Skipulag**

Tveir fundir á ári í líkamlegri samveru.

Annar þeirra sé aðalfundur. mars - apríl (f. sauðburð)

Aðra fundi eftir þörfum.

## Styrkumsóknir

Uppbyggingasjóður Norðurlands Vestra styrkti fjögur verkefni

Listamiðstöðin fékk 1000.000,-

Prjónagleðin fékk 500.000,-

Kaup á digital vefstól og námskeið -1800.000

Stefnt á að halda vísinda og listasmiðjur vegna opnun Norðurstrandarveggar, 8. júní í samstarfi við Bíópól á Skagaströnd og Vísindasmiðjur Háskóla Íslands og vonandi fleiri aðila. Fékkst styrkur upp á 200.000,- þarf að skoða betur kostnaðarhliðina.

Textílmíðstöðinni barst ósk frá Bretlandi um að taka á móti hóp en upphæðin sem átti á borga myndi engan veginn ná upp í kostnað-eru eitthvað að skoða þetta betur en finnst ólíklegt að þetta nái saman. Ætla að láta styrkinn duga fyrir öllu en það gengur ekki upp.

Verið að vinna að þátttöku í forumsókn í Horizont 2020 er í vinnslu í samstarfi við NMI og fleiri aðila

Umsóknin er undir áherslunni Umhverfi, loftlagsmál og auðlindir/

Skilvirk og umhverfisvæn nýting auðlinda, vants og hráefna

[Transforming historic urban areas and/or cultural landscapes into hubs of entrepreneurship and social and cultural integration](#)

Snýst um smáiðnað, stafræna tækni, færa líf í byggðir sem voru líflegri áður.

Innviðasjóður til frekari tækjakaupa.

Verið að vinna umsókn í Nýsköpunarsjóð námsmanna í samstarfi við Myndlistarskólann í Reykjavík.

Sótt var um verkefnastyrk til auðlinda- og umhverfísráðuneytissins vegna lista- og vísindasmiðjanna,  
Sótt var um styrk af ráðstöfnunarfé nýsköpunarráðherra vegna kaupa á vefsstól

Elsa fór á tengslaráðstefnu og er verið að skrifa umsókn í samstarfi við aðila frá menntamálaráðuneyti Galísíu, litið frumkvöðlafyrirtæki þar, fullorðinsfræðsluaðila í Skotlandi Skotland og menningarstofnun í Pólland.

Umsóknin er hluti af Erasmus+—Adult.

Spánverjarnir leiða umsóknin en verið að vinna umsókn í K2 til tveggja eða þriggja ára.

Verið að klára umsókn til að styrkja listamenn til að koma í Listamiðstöðina í Nordic Culture Point

Ætlunin að sækja um í Innviðasjóð og mögulega í Jafnréttissjóð og svo er einnig í skoðun að skoða möguleika í NPAþ

#### Prjónagleðin

Verið að vinna að námskeiða skráningu á heimasíðunni en viðburðurinn er frá 7.-11. júní 2019.

Nýstárlegri leiðir í kynningu með meiri hrynjandi og vonast eftir fleiri erlendum gestum.

Sinna gömlu góðu viðskiptavinunum en fá fleiri inn með.

Prjón er kúl. 😊

Taka upp meira samstarf við heimamenn. Sníkja afslætti.

#### Textíllistamiðstöðin

Gengur ágætlega. Bókað vel fyrir þetta ár.

Hús við hliðina í vinnslu. Spurning hvort hægt væri að bæta því við í leigu til að efla húsakostinn.

Fjármálin

Miðstöðvarnar eru í plús. En halda þarf vel á spöðunum til að halda utan um tekjur og gjöld svo endar nái saman.

Fjárhagsáætlun er næstum tilbúin fyrir árið 2019.- verður send

Eftir viku ætti þetta að liggja fyrir.

#### Önnur mál

Stafrænt forskot - Nýsköpunarmiðstöðin

Textílmíðstöðin þarf e.t.v. að móta sér stefnu í margmiðlunar markaðssetningu.

Ratsjain.

Ræsing.

Spáð og spökúlerað.

Fyrir ríkisskattstjóra. Nafnið er of langt. Hafa bara 32 stafabil.

Fáum að fylgjast með hvað gerist. Að skrá Textílmíðstöð Íslands fær stuðning stjórnar.

Fundi slitið 11:30